

Öll rafföng sem markaðssett eru á Íslandi skulu uppfylla ákvæði um öryggi sem fram koma í reglugerð um raforkuvirki, nr. 678/2009 (7. gr.) og einnig ákvæði um rafsegulsamhæfi sem sett eru fram í reglugerð um sama efni, nr. 270/2008.



Ofangreindar reglugerðir eru annars vegar byggðar á lágspennutílskipun Evrópusambandsins, 2006/95/EC (LVD)¹ og hins vegar tílskipun Evrópusambandsins um rafsegulsamhæfi, 2004/108/EC (EMC)². Sömu reglur gilda því að mestu á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), sem samanstendur af Evrópusambandinu (ESB), Íslandi, Liechtenstein og Noregi, um þau rafföng sem falla undir tílskipanir ESB og staðfestar hafa verið af sameiginlegu EES nefndinni.

Framleiðendur og/eða innflytjendur bera ábyrgð á að ákvæðum ofangreindra reglugerða sé fylgt. Faggiltar skoðunarstofur í umboði rafmagnsöryggissviðs Brunamálastofnunar sjá með virkri markaðsgæslu til þess að rafföng uppfylli þau skilyrði sem sett eru í reglugerðunum.

Í riti þessu er fyrst og fremst fjallað um rafföng sem falla undir ofangreindar tílskipanir ESB (LVD og EMC). Ritið er til leiðbeiningar og er ekki tæmandi eða lagalega bindandi.

- 1) LVD (Low Voltage Directive): Tílskipun ráðsins frá 12. desember 2006 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka.
- 2) EMC (ElectroMagnetic Compatibility): Tílskipun ráðsins frá 15. desember 2004 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafsegulsamhæfi.



HYITA.HUBB / SIA - 02-2014

Reglur um markaðssetningu raffanga

Ábyrgð og skyldur framleiðanda, innflytjenda og endursöluaðila.

Skúlagata 21 • 101 Reykjavík • Sími 591 6000 • Fax 591 6001 • brunamal@brunamal.is • www.brunamal.is

Brunamálastofnun



Brunamálastofnun

Framleiðandi ...

... má einungis setja á markað rafföng sem fullnægja ákvæðum viðkomandi tilskipana, þar með talið formlegum skilyrðum eins og ákvæðum um CE-merkingu

... skal útbúa EB-samræmisfirlýsingu („EC declaration of conformity“)

... skal útbúa tæknigögn

... verður að hafa ofangreind gögn aðgengileg fyrir eftirlitsstjórnvöld í að minnsta kosti 10 ár eftir að framleiðslu raffangsins hefur verið hætt

... skal festa CE-samræmismarkeringuna á öll eintök raffanga

... skal beita innra framleiðslueftirliti sem tryggir að rafföng uppfylli kröfur tilskipana

... skal halda skrá yfir öll rafföng sem hann hefur á boðstólum

Hafi framleiðandi utan EES ekki fullnægt ofangreindum skilyrðum getur hann tilnefnt fulltrúa sinn með staðfestu innan EES til að sjá um það fyrir sína hönd.

Innflytjandi ...

... má einungis setja á markað rafföng sem fullnægja ákvæðum viðkomandi tilskipana, þar með talið formlegum skilyrðum eins og ákvæðum um CE-merkingu

... skal hafa tiltæk afrit af samræmisfirlýsingum, vottorðum og tæknigögnum

... verður að halda skrá yfir öll rafföng sem hann hefur á boðstólum

Hafi framleiðandi utan EES-svæðisins ekki fullnægt skilyrðum til markaðssetningar á svæðinu, né tilnefnt fulltrúa sinn með staðfestu innan EES-svæðisins til þess, skal innflytjandi taka yfir skyldur hans.

Endursöluaðili ...

... má einungis setja á markað rafföng sem fullnægja ákvæðum viðkomandi tilskipana, þar með talið formlegum skilyrðum eins og ákvæðum um CE-merkingu

... skal halda skrá með upplýsingum um ábyrgðaraðila (framleiðanda eða innflytjanda) allra þeirra raffanga sem hann hefur á boðstólum

Í EB samræmisfirlýsingu skulu eftirfarandi atriði koma fram:

• Nafn og pósthfang framleiðanda eða fulltrúa hans með staðfestu á EES-svæðinu

• Lýsing á raffanginu

• Tilvísun í samhæfða evrópska staðla. Þegar samhæfðum evrópskum stöðlum er ekki að fullu beitt skal vísað í þau tækniákvæði sem samræmisfirlýsingin byggir á eða þær ráðstafanir sem gripið er til í því skyni að tryggja samræmi við ákvæði tilskipananna.

• Auðkenni undirritunaraðila sem hefur heimild til að skuldbinda framleiðanda eða fulltrúa hans með staðfestu á EES-svæðinu



CE-merkingin er yfirlýsing framleiðanda um að varan uppfylli kröfur

Í tæknigögnum skulu eftirfarandi atriði koma fram:

• Almenn lýsing á raffanginu.

• Heildarhönnun, framleiðsluteikningar og skrá yfir íhluti, undireiningar, rafrásir og fleira þess háttar.

• Lýsingar og skýringar sem nauðsynlegar eru til skilnings á teikningum og skráum og til réttar notkunar raffangsins.

• Skrá yfir staðla sem notaðir eru í heild sinni eða að hluta til og lýsingar á þeim lausnum sem gripið er til í því skyni að fullnægja kröfum ef stöðlum er ekki beitt.*

• Prófunarskýrslur, hönnunarútreikningar, niðurstöður rannsókna o.þ.h.

• Yfirlýsing frá tilkynntum aðila ef við á (EMC tilskipunin).

** Skv. EMC tilskipuninni skal sérstakt mat á rafsegulsamhæfi búnaðarins fylgja.*

CE-samræmismarkeringin

• CE-merkingin er yfirlýsing framleiðanda um að varan uppfylli kröfur tilskipana sem um hana gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og að við mat á samræmi hafi verið beitt þeim aðferðum sem tiltekna eru í viðkomandi tilskipunum.

• Um CE-merkinguna gilda ákveðnar reglur varðandi lögum, stærð og þess háttar.

Samhæðir evrópskir staðlar

• Samhæðir evrópskir staðlar eru þeir staðlar (og samræmingarskjöl) sem hafa verið staðfestir sem landsstaðlar í öllum aðildarlöndum EES. Á Íslandi er það Staðlaráð Íslands sem sér um staðfestingu íslenskra staðla.

• Listi yfir samhæfða staðla sem falla undir hinar ýmsu tilskipanir er birtur í EES-viðauka Stjórnartíðinda ESB. Rafföng sem uppfylla ákvæði þessara staðla eru álitin uppfylla grunnkröfur viðkomandi tilskipana.

• Staðlar eru í stöðugri þróun og því nauðsynlegt að fylgjast með breytingum. Staðlaráð Íslands (www.stadlar.is) veitir allar upplýsingar um gildandi staðla og tengsl þeirra við tilskipanir.